

## REGLUGERÐ

**um (56.) breytingu á reglugerð nr. 580/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir töluliðir, 132. og 133. tölul., svohljóðandi:

132. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/900 frá 12. maí 2025 um breytingu á V. og XIV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færslurnar fyrir Kanada, Breska konungsríkið og Bandaríkin í skránum yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af alifuglum, kímefnum úr alifuglum og nýju kjöti af alifuglum og veiðifuglum til Sambandsins.
133. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/899 frá 19. maí 2025 um breytingu á IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 að því er varðar færsluna fyrir Taíland í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af dýrum af hestaætt til Sambandsins.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerðirnar sem nefndar er í 1. gr. eru birtar á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem [fylgiskjöl við auglýsingu nr. 18/2025](#).

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, og lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvegaráðuneytinu, 26. maí 2025.*

F. h. r.

**Bryndís Hlökkversdóttir.**

---

*Svava Pétursdóttir.*